

58
28. febr.

stendur í sambandi þar við og lögð er til lækningamála í fjárlögnum árlega. Eins og tilgangurinn með þessa löggjöf hefir verið að gefa mönnum víðsvegar um landið kost á lækni-hjálp frá þeim mönnum, er treysta mætti, að hefðu nauðsynlega þekking á eðli og meðferð sjúkdómsins, þannig hafa þessar ráðstafanir löggjafarinnar hins vegar gengið út frá því, að það væri regla, að engum yrði leyft að fást við lækningar, nema þeim, er hefði sannað, að hann væri fær til þess, með því að ganga undir hið fyrirskipaða próf. Það liggur því í augum uppi, að það mundi alveg koma í bága við þann tilgang, er lagt hefir verið svo mikið í sölurnar til að ná, ef nú yrði, eins og frumvarpið fer fram á, farið að leyfa þeim mönnum að fást við lækningar, sem alls engin sönnun væri fyrir, að hefðu hina allra nauðsynlegustu þekking í læknisfræði, og það alveg takmarkalaust og eptirlit-laust og jafnvel án þess að tiltekin væri hegning fyrir þá, er gerðu skaða með lækningum sínum — því slíkt vantar í frumvarpið — og skal það í þessu efni tekið fram, að meðmælingar þær, sem ræðir um í frumvarpinu frá sóknarpresti, hreppsstjóra og heilbrigðis-nefnd, eru til alls engrar tryggingar. Móti þessu verður heldur ekki sagt, að nú sje stundum veitt lækningaleyfi (venia practicandi) þeim mönnum, sem ekki hafa hina lögboðnu hæfilegleika, því að öðru leytinu er slíkt leyfi hrein undantekning og að eins fyrir þau hjeruð, þar sem lækniþörfin er brýnust, og á hinn bóginn er leyfisveitingin bundin því skilyrði, að fyrir höndum sjeu áreiðanlegir vitnisburðir, jafnaðarlegast skýrsla landlæknis eða annars vísindalega menntaðs læknis, um að hlutaðeigandi hafi aflað sjer nokkurrar þekkingar á sjúkdómum og meðferð þeirra, og svo er það og enn fremur, að leyfi þetta nær vanalega að eins til ákveðinna sjúkdómstegunda, sem eru miður hættulegar og löks eru slíkir ólærðir læknar látnir vera háðir eptirliti landlæknisins eða hlutaðeigandi hjer-aðslæknis.

Það er vitaskuld, að ráðgjafinn hefir ekki getað gjört sig rólegan með, að lagafrumvarpið einungis heimili lækningar með homöopathiskum meðulum, því það er eigi auðvelt að setja nákvæm takmörk milli þeirra og hinna svo kölluðu allopathisku meðala; en þótt svo væri, hverfa eigi fyrir það aðaltormerki þau, er ráðgjafanum hefir þótt vera á því að leggja það til að lagafrumvarpið öðlaðist staðfestingu konungs, og þau eru að frumvarpið veitir þeim mönnum aðgang til læknastarfa sem ekki geta sannað, að þeir hafi neina lækni-vísindalega menntun eða þekking, og mundi af þessu leiða, að skottulækningar væru álitnar löggildar og að lækningar slíkra manna fengju lagavernd og að landsbúar yrðu á vissan hátt hvattir til að leita læknishjálpar hjá þeim.

Þjer eruð herra landshöfðingi beðnir að birta almenningi innihald brjefs þessa í stjórntartíðindunum.

59
28. febr.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um alþingisfrumvarp til laga um stofnun lagaskóla. — Eptir allra þegnsamlegustum tillögum ráðgjafans hefir það hinn 27. þ. m. þóknast hans hátign konunginum að fallast á, að frumvarp það, um stofnun lagaskóla í Reykjavík, er alþingi samþykkti síðastliðið ár, skuli ekki öðlast staðfestingu konungs.

Um leið og þetta er tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbein-ingar vill ráðgjafinn eigi undanfella þjónustusamlega að taka fram það, er á eptir fer, svo að kunnar verði orsakir þær, er knúðu ráðgjafann til að ráða frá staðfesting frumvarpsins.

Svo sem kunnugt er, hefir alþingi optar en einu sinni áður farið þess á leit, að

stofnaður yrði lagaskóli á Íslandi, en þegar bænarskrár þær, sem áður hafa komið frá þinginu, eru bornar saman við frumvarp þetta, verður það ljóst, að þær í verulegum atriðum eru því frábrugðnar. 59
28. febr.

Þannig hefir bæði alþingi og stjórnin áður gengið út frá því, að það væri nauðsynlegt, að fela yfirdómurinum að hafa kennsluna við lagaskólann á hendi jafnframt þeirra eigin embættisstörfum, og var með því ætlast til bæði að ná hinum beztu kennslukröptum og einnig að spara kostnaðinn við að hafa fasta kennara, en lagafrumvarpið er alveg horfið frá þessu, með því þar eru ákveðin 2 föst sjálfstæð kennaraembætti með 6400 kr. launum.

Enn fremur er í frumvarpinu gjörð sú verulega breyting á hinni fyrri uppástungu, að lögfræðingar frá skóla þessum hafi aðgang að öllum lagaembættum á Íslandi jafnt við lögfræðinga frá háskólanum, þar sem þó hin æðri yfirvalda- og dómaraembætti eptir hinum fyrri tillögum voru áskilin hinum síðar nefndu. Stjórnin hefir því síður getað fallið á þessa ákvörðun, sem það má fyrirsjá, að af henni mundi leiða það, að lögmenndur framvegis hættu að sækja háskólann, en eptirköstin myndu verða, að þeir í visindalegu tilliti yrðu skaðlega afskekktir ekki einungis frá danskri lögvísi, heldur og frá hinum almennu áhrifum norðurláunnar í lögfræðislegum og stjórnsfræðislegum efnum.

Enn fremur var það áður talin aðalástæða til að stofna lagaskóla á Íslandi, að aðsókn lögfræðisnemenda til háskólans væri svo lítil, að vanta mundi menn í lagaembættin. Þessari ástæðu verður nú ekki lengur borið við, þar eð þær breytingar eru áorðnar, að nú sem stendur stunda 10—15 Íslendingar lögfræði við háskólann. Af þessu sýnist mega ráða, að eptir nokkur ár verði tala kandiðata orðin meiri en svo, að embætti verði til handa þeim öllum á Íslandi fyrst um sinn, svo að það jafnvel myndi vera mjög ósanngjarnt gagnvart Íslendingum þeim, er lesa við háskólann, að hvetja aðra til að keppast við þá um embættin, en slík hvöt mundi vera falin í því, að stofna nú lagaskóla í landinu sjálfu, og auk þessa mundi landinu þar með bakaður ónauðsynlegur kostnaður.

Þá skal loks tekin fram ein ástæða, sem eptir skoðun ráðgjafans algjörlega talar á móti því, að tilraun sje gjörð til að koma stefnu þessari á framfæri. Þessi ástæða er sú, sem þjer herra landshöfðingi einnig hafið bent á, að hvorki nú sem stendur, nje fyrst um sinn eptirleiðis getur álitist mögulegt að útvega slíka kennslukræpta, sem nauðsynlegir væru til þess, að stofnunin gæti náð ákvörðun sinni og fullnægt kröfum þeim, er með rjettu mætti af henni heimta.

Þjer eruð herra landshöfðingi beðnir að gjöra heyrum kunnugt innihald brjefs þessa í stjórnartíðindunum.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um verðlagsskrár. 60
28. febr.
— Samkvæmt allra þegnlegustum tillögum ráðgjafans að meðteknu þóknanlegu brjefi yðar herra landshöfðingi frá 12. nóvbr. f. á. hefir það 27. þ. m. þóknast hans hátígn konunginum allramildilegast að fallast á, að konungs úrskurði frá 16. júlí 1817 megi breyta á þá leið, að hvert sýslufjelag landsins eptirleiðis fái sjerstaka verðlagsskrá, en að Reykjavíkur kaupstaður hafi sameiginlega verðlagsskrá með Gullbringusýslu, og aðrir kaupstaðir landsins með þeim sýslum, er þeir liggja í, en að öðru leyti skal eptir sem áður beita reglum þeim, sem gefnar eru í fyrnefndum konungs úrskurði.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og ráðstöfunar.